

Umhverfisstofnun
Áb. _____
- 7. des. 2016
Tilv. _____

Landsvirkjun  
Helgi Jóhannesson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. desember 2016  
UST201611-187/B.S.  
09.04.06

### Efni: Endurheimt votlendis - Skálholt – Hvammsvirkjun. Staðfesting


Vísað er til bréfs Landsvirkjunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er staðfestingar á því að Landsvirkjun hafi endurheimt votlendi í samræmi við skilyrði Skipulagsstofnunar í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar.


Í samræmi við ofangreindan úrskurð réðist Landsvirkjun í endurheimt votlendis sumarið 2016. En Landsvirkjun taldi að fyrirtækinu bæri að endurheimta 14 ha vegna votlendis sem raskað verður við byggingu Hvammsvirkjunar. Verkið var unnið samkvæmt áætlun dags. 6. janúar 2016 sem Votlendissetur LbhÍ gerði fyrir Landsvirkjun.

Ráðist var í endurheimt votlendis á tveimur svæðum í Skálholti. Annars vegar í Skálholti syðri hluta 8,4 ha og hins vegar í Skálholtstungu 20 ha. Með endurheimt votlendis umfram 14 ha telur Landsvirkjun að fyrirtækið sé búið að vinna sér í haginn varðandi kvaðir í framtíðinni um endurheimt votlendis á Suðurlandi sem nemur 14 ha.

Umhverfisstofnun staðfestir hér með að Landsvirkjun hefur unnið að endurheimt votlendis í samræmi við skilyrði í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri